

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	14.6.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Gnýr Hjarðar	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik er varðar skráningar yfir breytingar á umfangi urðaðs úrgangs.

### UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Almenn starfsemi, s.s. magn úrgangs og kynningarfundir.
- Umhverfi og varnir gegn mengun, s.s. lyktarmengun, niðurstöður mælinga og gashreinsistöð.
- Farið um svæðið.

Veruleg aukning var milli ára, frá 2015 til 2016, af magni úrgangs sem kom inn til urðunar eða 18,1%. Í fyrra voru urðuð tæp 111.000 tonn en starfsleyfið heimilar að urðun á 120.000 tonnum. Það sem af er ári er aukningin 10,9%. Bent var á að með þessu áframhaldi verður fljótlega farið upp fyrir heimild starfsleyfisins. Einnig var rætt um að starfsleyfið rennur út í október 2018 og skynsamlegt væri að sækja um nýtt starfsleyfi með góðum fyrirvara.

Minnt var á að halda skal kynningarfund annað hvert ár en hann var seinast haldinn 2015. Rekstraraðili óskaði eftir því að Umhverfisstofnun myndi halda fundinn í samstarfi við þá. Ákveðið var að samráðsfundur yrði haldinn meðfram eftirliti í haust.

Í kringum athafnasvæðið eru manir til að afmarka svæðið, takmarka aðgang og verjast foki. Utan á þær er notað dekkjakurl sem hefur að sögn rekstraraðila gefið góða raun við að fanga fjúkandi úrgang. Í þær manir sem fokið hefur mikill úrgangur hefur verið sett nýtt lag af dekkjakurli en mjög erfitt myndi reynast að týna úr þeim ruslið. Manirnar má síðan nota sem yfirlag yfir urðunarstaðinn þegar honum verður lokað. Til að verjast foki er grasfræi einnig sáð í jarðveg.

Lyktarmengun frá urðunarstaðnum í Álfsnesi hefur verið töluvert vandamál og unnið er að því að finna uppsprettur lyktarinnar og gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að sporna við henni. Nýlega var þakið á Gými II málað ljóst til að sporna við því að það hitni mikið í honum. Þegar eftirlitið fór fram var verið að endurnýja lífsúu við Gými II en það olli mögulega einhverri lyktarmengun. Rekstraraðili skráir allar kvartanir sem berast vegna lyktarmengunar en þær berast flestar af vef Mosfellsbæjar, einnig er öllum kvörtunum svarað. Einn af lykilþáttum við að sporna við lykt er gas- og jarðgerðarstöðin sem stefnt er á að taka í gagnið um áramótin 2019-2020. Verið er að byggja svo kallaðan púða undir stöðina og verður byggingarvinnan sjálf boðin út í febrúar á næsta ári.

Niðurstöður mælinga fyrir árið 2016 sýndu aukið rennsli sigvatns og meira magn af uppleystum lífrænum efnum en hefur verið undan gengin ár. Í ár er búið að mæla einu sinn og passað var upp á að rennsli væri ekki eins mikið og á sýnatökudögum árið áður. Gildi fyrir lífræn efni lækkuðu og voru svipuð og áður þegar rennsli var í eðlilegra horfi. Ekki virðist sem þetta mikla rennsli hafi haft áhrif á önnur efni í úrgangnum og voru gildin fyrir þau svipuð á milli ára. Í ár verða tekin sýni úr kræklingi sem lifir við útfallið frá urðunarstaðnum.

Mælingar á hæð yfirborðs yfir sjávarmáli voru gerðar í Álfsnesi ári 2013 og áætlað er að gera aðra slíka mælingu á næsta ári þá er fyrst hægt að segja til um hversu mikið haugurinn hefur sigið. Samkvæmt starfsleyfi Sorpu sem gefið var út árið 2015 á árlega að skila inn mælingum á umfangi urðaðs úrgangs.

Í Álfsnesi kemur reglulega meindýraeyðir til að skjóta fugl en starfsmenn á staðnum gera það þess á milli. Góð skráning er til um hve margir fuglar eru skotnir, hvaða tegundir það eru og hver skaut. Verulega hefur dregið saman seinustu árin í fjölda fugla sem eru skotnir en ágangur fuglsins virðist ekki hafa aukist. Rekstraraðili segir að það sé því að þakka að úrgangurinn sé betur varinn en áður og að fuglinn eigi erfiðara með að komast í hann.

#### Frávik frá

Gr. 5.1 og 5.4 í starfsleyfi

#### Lýsing á fráviki

Skráningar yfir breytingar á umfangi urðaðs úrgangs voru ekki aðgengilegar eftirlits aðila. Skv. gr. 5.1 í starfsleyfi skal skrá breytingar á umfangi urðaðs úrgangs og skv. gr. 5.4 skal þeim skilað inn fyrir 1. maí ár hvert.

#### ANNAÐ

Moltugerð hefur farið fram í Álfsnesi og hafa verið tekin sýni til að m.a. að greina díoxín magn í moltunni. Rekstraraðili óskar eftir því að fá svör frá Umhverfisstofnun um hversu mikið díoxín má vera í moltu og segir hann moltu sem er framleidd úr úrgangi muni alltaf innihalda meira díoxín en náttúruleg mold. Tæknin sem rekstraraðili er að nota við moltugerðina er af danskri fyrirmynd og er slík molta notuð í Danmörku.

Efnamóttakan hefur tekið við ösku frá tíu skemmtiferðaskipum sem koma til landsins. Sorpa sækist eftir leyfi til að urða þessa ösku og rætt var um sýnatökur úr öskunni og hvernig urðuninni yrði háttað. Rekstraraðila var bent á að sækja um formlegt leyfi.

Hringrás hefur farið þess á leit við rekstraraðila að þeir taki við dekkjum frá þeim eða skaffi þeim svæði fyrir vinnslu á dekkjum upp í Álfsnesi. Hringrás hefur kurlað dekkinn og Sorpa tekið síðan við þeim, því endar þessi úrgangur í Álfsnesi. Um töluvert magn er að ræða og verið er að vinna að lausn í þessu efni.

Reykjavík, 18.07.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Steinunn Karlsdóttir